

Edgar Guðmundsson Daði Ágústsson og Helgi Hafliðason virða fyrir sér einingarsýnishorn af raflagnarnýjunginni, sem sagt er frá í fréttinni.
Tímamynd: Róbert.

Íslenzk einingarhús á markaðinn

— raflagnirnar inni í einingunum

BH—Reykjavík — Þessa dagana gerast stórtíðindi í byggingariðnaðinum íslenzka því að bráðlega verða boðin út til uppsetningar einingahús, sem unnin hafa verið á vegum nýlegs fyrirtækis, sem ber nafnið Húseiningar hf. og starfar á Siglufirði. Samkvæmt upplýsingum, sem blaðið hefur aflað sér, er afkastageta fyrirtækisins mjög mikil, og getur það framleitt hundruð einingahúsa á ári, en ráðgert er að byrja á framleiðslu um 60 húsa, sem búizt er við að seld verði í fjórum skorum, fimmtán í hverri.

Við hittum að máli þrjá af fjórmenningunum, sem hafa teiknað húsin, eða öllu heldur húsaeiningarnar, og hafa því allan veg og vanda af gerð þeirra. Þetta eru þeir Helgi Hafliðason arkitekt, Edgar Guðmundsson, verkfræðingur hjá Verkfræðiþjónustu Guðmundar Ólafssonar, Daði Ágústsson rafræknifræðingur og Hafsteinn Ólafsson, en hann er jafnframt framleiðslustjóri Húseininga hf. á Siglufirði. Framleiðsla húsanna eða húseininganna er á vegum þess fyrirtækis.

— Það má fyllilega reikna með því, að hér sé um verulega lækkun byggingarkostnaðar að ræða, sögðu þeir félagar, er við hittum þá að máli og höfðum lagt fyrir þá spurninguna, sem okkur lá þyngst á hjarta. — Það kemur til af því, að núna látum við vélvinna það, sem vinna þurfti í höndunum áður, auk þess sem samsetningin er tiltölulega auðveld. Framleiðnina metum við í byggingarstundafjöldanum, sem áður var allt að 60% kostnaðarins á móti 40% efni, en í okkar tilfelli er þessu nánast öfugt farið, og eykur það vissulega líkurnar á minni kostnaði.

— Eru þessi hús hagkvæm í byggingu?

— Þau veita marga möguleika. Einingarnar eru hugsaðar þannig, að um talsverða fjölbreytni geti verið að ræða og menn geti ráðið húsum sínum nokkuð. Það má nánast segja, að hvert hús geti verð sérskipulagt, þótt um fjöldaframleiðslu á einingunum sé að ræða.

— Nokkrar nýjungar?

— Já, okkur langar til þess að geta sérstaklega þeirra, sem við teljum markverðastar, en þær eru í sambandi við raflagnirnar. Þær eru inni í einingunum, og hér gefur einmitt að líta slíkar innveggja einingar með raflögninni. Þetta vandamál vitum við ekki til að hafi veri leyst annars staðar en hjá okkur, því að önnur einingahús, sem við þekkjum til eru, með raflögnum utan á veggjum, en hagræðið við að hafa raflagnir í veggjunum er að sjálfsögðu geysimikið.

— Þarf ekki að senda flokk með hverju húsi til að reisa það?

— Nei, en hitt er annað mál. að við gerum ráð fyrir að þurfa að segja mönnum á hverjum stað fyrir sig til við verkið til að byrja með. Að öðru leyti er uppsetning húsanna ákaflega einföld.

— Er það reynslan af Viðlagasjóðshúsunum, sem varð kveikjan að framleiðslu þessara húsa?

— Nei, við vorum komnir af stað, áður en gosið í Vestmannaeyjum hófst, en skiljanlega er mikill undirbúningur og teiknivinna við svona nokkuð, þannig að það er fyrst núna, sem fyrstu húsin fara að sjá dagsins ljós. Hitt er annað mál, að Viðlagasjóðshúsin opnuðu augu manna fyrir gagnsemi einingahúsa sem slíkra, og hafa sannað ágæti þeirra.

— Eru ykkar hús í miklu frábrugðin þeim?

— Okkar hús eru skipulögð hér á landi og miðuð við íslenzkar aðstæður fyrst og fremst, og þær hefðir, sem búið er við hér. Þær prófanir, sem gerðar hafa verið, hafa sannfært okkur um, að þær vonir, sem við gerðum okkur um ágæti þeirra í upphafi, hafa í engu brugðizt.

ÁVÍÐAVANGI

Fall vinstri stjórnarinnar

Í forustugrein Dags 4. þ.m. segir á þessa leið:

„Vinstri flokkana skorti þrek til þess að fylkja sér einhuga um þær efnahagsaðgerðir, sem Ólafur Jóhannesson, fyrrv. forsætisráðherra, flutti á Alþingi í vetur, og nokkrir stjórnarþingmenn hlupu beinlínis undan merkjum. Á frumvarpinu um efnahagsmálin féll vinstri stjórnin. Hræðslan við að segja fólkinu sannleikann um efnahagsmálin og þær ráðstafanir, sem ný ríkisstjórn hlaut að gera, kom einnig í veg fyrir myndun nýrrar vinstri stjórnar, svo sem opinberlega var stefnt að fyrir og eftir kosningar.

Alþýðubandalagið studdi að vísu efnahagsmálatillögur þáverandi forsætisráðherra, en með hangandi hendi. Nú er það í stjórnarandstöðu og hefur snúizt gegn hliðstæðum ráðstöfunum núverandi stjórnar. Sjálfstæðisflokkurinn þorði í hvorugan fótinn að stíga, þegar efnahagsmálatillögurnar komu fyrir Alþingi, taldi þær og stjórnina óalandi og óferjandi og fékkst ekki einu sinni til að ræða þær á hinu háa Alþingi. Nú flytur og styður Sjálfstæðisflokkurinn gengisfellingu, hækkun söluskatts og bótalausa hækkun búvara. En því miður verða efnahagsaðgerðir nú miklu djúptækari en þurfti í vork , vegna hinnar löngu stjórnarkreppu. Af Alþýðuflokki og Samtökunum var aldrei mikils vænzt".

Forusta Ólafs Jóhannessonar



„Af þessu hlýtur almenningur að daga þá rökréttu ályktun, að stjórnmálaflokkum sé lítt að treysta. Þetta verður þó ekki sagt um Framsóknarflokkinn, sem menn bera nú vaxandi traust til, undir djarfri og drengilegri forystu formanns síns. Ólafur Jóhannesson og flokkur hans hefur sýnt þjóðinni meira traust en fyrri forsætisráðherrar, og hefur jafnan unnið fyrir opnum tjöldum. Sigurinn í landhelgisdeilunni við Breta er hans verk öðrum fremur, þriggja ára vinstri stjórn undir forsæti hans jók atvinnu, framfarir og trú manna á landið sjálft og atvinnuvegi þess, svo sem sjá má hvar sem er á landinu, vanda efnahagsmála lagði hann fyrir þjóðina fyrir kosningar, en breiddi ekki yfir hann, eins og fyrr var stundum gert. Hann og flokkur hans unnu opinberlega að myndun nýrrar vinstri stjórnar og reyndu þá leið til þrautar, og að síðustu myndaði hann meirihlutastjórn þá, er nú situr, og setti ekki persónulegan metnað sinn ofar þjóðarhag við tilurð þeirrar stjórnar. Þetta er hollt að hafa í huga, er menn hugleiða taflborð stjórnmálanna, og hverjum sé bezt treystandi".

Þ.Þ.

Fleiri bíó breyta sýningartíma

BH—Reykjavík — Sýningartími kvikmyndahúsa á höfuðborgarsvæðinu mun breytast eitthvað með haustinu, enda þótt við höfum enn ekki haft fregnir af því, að önnur kvikmyndahús en Hafnarbíó taki upp miðnætursýningar. Hins vegar mun Kópavogsbíó taka upp sýningartímann kl. 6,8 og 10 á laugardögum, á sunnudögum kl. 4, 6, 8 og 10 og kl. 8 og 10 aðra daga vikunnar. Stjörnubíó hefur nú um mánaðarskeið haft sýningartíma sinn kl. 6, 8 og 10.

— Það er ekki gott að segja um, hvernig þessi sýningartími hefur fallið fólki í geð, sagði Þorvarður Þorvarðsson, forstjóri Stjörnubíós, þegar blaðið hafði samband við hann í gær. — Þetta hefur ekki staðið nema í mánuð, og þó að aðsóknin hafi verið góð, þá verður að taka tillit til þess, að við höfum verið með myndir, sem búast mátti við góðri aðsókn að, fólk er að koma úr sumarleyfum, sem enn hefur ekki séð húsið eftir lagfæringuna, sjónvarpið hefur líka sitt að segja. En ég held nú samt, að þetta mælist nokkuð vel fyrir, og vona, að reynslan verði okkur hliðholl að þessu leyti.

— Við breytum sýningartímanum núna á laugardaginn, sagði Magnús í Kópavogsbíói, þegar við ræddum við hann í gær. — Við erum að prófa eitthvað nýtt með nýjum myndum, og við höldum, að þessi sýningartími sé hentugur. Það kemur þá í ljós, ef svo er ekki.

HAUSTSÝNING AÐ KJARVALSSTÖÐUM

GB— — **Haustsýning Félags íslenzkra myndlistarmanna verður opnuð n.k. laugardag klukkan fimm, og stendur sýningin til 21. september. Opið verður frá kl. 4-22 daglega.**

Það er í fyrsta skipti sem haustsýning Félags ísl. myndlistarmanna er í báðum sölum Kjarvalsstaða. Á sýningunni eru sýnd 197 verk eftir 60 höfunda, 39 félagsmenn og 21 utanfélagsmann. Það eru ellefu listamenn sem sýna í fyrsta skipti á haustsýningu. Verkin eru allflest til sölu, örfá eru þó í einkaeign. Þetta eru málverk, höggmyndir, myndvefnaður, teikningar, grafik, steind gler og pastelmyndir.

Á sýningunni eru einnig sýnd verk eftir íslenzka leikmyndateiknara og er það í fyrsta skipti. Leikmyndasýning þessi er þannig tilkomin, að samtök leikmyndateiknara á Norðurlöndum, ákváðu að halda sýningu á verkum norrænna leikmyndateiknara, í tengslum við norræna leikhúsþingið í Álaborg, og buðu þeir Íslendingum að vera með. Norræna leikhúsþingið var í ár haldið í Álaborg dagana 23.-26. maí s.l., en leikmyndasýningin stóð til 6. júní.

Í íslenzku sýningardeildinni, var þess minnzt að í ár eru liðin 100 ár frá dauða Sigurðar málara, sem talinn er hafa málað fyrstu leiktjöld hér á landi við Útilegumenn Matthíasar í latínuskólanum. Leikmyndasýningin sem nú er sýnd að Kjarvalsstöðum, er svotil óbreytt frá því sem var í Álaborg, og þeir sem sýna ljósmyndir af verkum sínum eru: Lárus Ingólfsson, Sigfús Halldórsson, Magnús Pálsson, Steinþór Sigurðsson, Gunnar Bjarnason, Björn B. Björnsson, Snorri Sveinn Friðriksson, Jón Þórisson, Birgir Engilberts og Sigurjón Jóhannsson. Ljósmyndirnar eru alls um eitt hundrað, frá um fimmtíu uppfærslum í leikhúsum, sjónvarpi og kvikmyndum.

Félag ísl. myndlistarmanna vill sérstaklega geta þess að þeir hafa fengið verk Louisu Matthíasdóttur til sýningar á haustsýningu sinni. Hún hefur lengi verið búsett í Bandaríkjunum og er þar að góðu kunn.

Louisa Matthíasdóttir er fædd í Reykjavík 1917. Var hún við nám í Kaupmannahöfn og í París hjá Gromaire, en fór til Bandaríkjanna 1942 og lærði þar hjá Hans Hoffman við The Art Students' League í New York. Louisa hefur tekið þátt í fjölda sýninga vestra, auk einkasýninga. Gift er hún Leland Bell listmálara. Louisa sýnir sautján verk á haustsýningunni. Þetta mun vera stærsta sýning Félags ísl. myndlistamanna til þessa, en í sýningarnefnd eru: Einar Þorláksson formaður, Guðm. Benediktsson, Hallsteinn Sigurðsson, Hringur Jóhannesson. Leifur Breiðfjörð, Ragnheiður Jónsdóttir Ream, Sigurjón Ólafsson og Svavar Guðnason. Gerð sýningarskrár annaðist Björgvin Sigurgeir Haraldsson.

MÝVETNINGAR AÐ KOMA Á ÍTÖLU

JH—Reykjavík — **Þingeysk forsjálni lætur ekki að sér hæða. Um þessar mundir er á döfinni að koma á ítölu, bæði í afrétt og heimalöndum Mývetninga. Var samþykkt þegar í fyrrasumar að hverfa að þessu ráði,bæði á hreppsnefndarfundi og almennum sveitarfundi, sem flestir ábúendur í Mývatnssveit sóttu, án nokkurra mótatkvæða. Fjórir eða fimm bændur munu ekki hafa greitt atkvæði á sveitarfundinum.**

Í sumar hefur Yngvi Þorsteinsson unnið að gerð gróðurkorts af löndum Mývetninga, er kemur sér vel, þegar ítala verður ákveðin Þrír menn, sem eiga að undirbúa tillögur um ítöluna og skila áliti um framkvæmd hennar — Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri, Árni Pétursson sauðfjárræktarráðunautur og Stefán Skaftason í Árnesi, jarðræktarráðunautur Búnaðarsambands Þingeyinga — fóru í

Frh. á bls. 15